



**FUNDARGERÐ**  
**12. fundur Húsakynna bs**  
**haldinn á Laugalandi , 1. september 2020**  
**og hófst hann kl. 16:30.**

**Fundinn sátu:**

Hjalti Tómasson, Steindór Tómasson, Brynja Jóna Jónasdóttir, Ágúst Sigurðsson, Valtýr Valtýsson, Tómas Haukur Tómasson og Klara Viðarsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Tómas Haukur Tómasson, .

**Dagskrá:**

**1. Framkvæmdaáætlun 2020 - 1910045**

*Farið yfir stöðu framkvæmda og kostnaðar við bílaplan.*

THT fór yfir stöðu framkvæmda við bílaplan. Búið er að jarðvegsskipta, malbika og steypa kantsteina. Hellulögn fer af stað á næstu dögum. Umfang verksins á þessu ári svo sem frágangur verður minnkaður samanber bókun í dagskrárlið 2. Þess má einnig geta að verkefnið er innan áætlunar.

Kostnaði við lokafrágang verði vísað til vinnu við fjárhagsáætlun 2021.

Samþykkt samhljóða.

**2. Rekstraryfirlit 2020 - Húsakynni bs - 2003009**

*Yfirlit fram til dagsins í dag, staða fjárfestingar og reksturs.*

Klara fer yfir rekstrarkostnað fyrir Húsakynni Bs. Þar sem upp kom óvæntur kostnaður vegna leka í kjallara leikskóla og bókasafns er lagt til að færa fjármuni frá fjárfestingu yfir á rekstur.

Tillaga er um að gera viðauka 1 við fjárhagsáætlun 2020 vegna aukins rekstrarkostnaðar fyrir Húsakynni bs að upphæð 5.500.000kr.

Að sama skapi verður fjárfesting lækkuð um sömu upphæð til að mæta fyrrgreindum kostnaðarauka.

Samþykkt samhljóða.

**3. Eignir í umsjá Húsakynna bs - 1601012**

*Rædd staða á útleigu íbúða skólastjórahúss.*

Lagt fram minnisblað um framtíðarnýtingu skólastjórahúss. Fyrir liggur að ráðast þarf í endurbætur og taka þarf ákvörðum um fyrirkomulag á leigu neðri hæðar.


Efrhæð verður áfram nýtt sem íbúðarhúsnæði. Komið hefur fram hugmynd að nýta neðrihæð til annars en íbúðar.

Tómasi falið að gera kostnaðargreiningu með það í huga að koma húsnæðinu í gott lag.

Samþykkt samhljóða.


20  
THT

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:05.**

  
Hjalti Tómasson

  
Steindór Tómasson

  
Brynja Jóna Jónasdóttir

  
Tómas Tómasson

  
Auður Steingrimsdóttir

  
Ágúst Þyrr